

129. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
8. 12. 2021 kl. 8:30 – 10:00

Fjarfundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Eyrún Helga Ævarsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Þórgunnur Torfadóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, Bjarni Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Ingunn Jónsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Þorkell Óskar Vignisson

Erindi frá Háskóla Íslands

Gunnar Þór sagði frá starfi sínu innan land- og ferðamálafræðinnar við Háskóla Íslands. Fram kom að nemendum hefur fækkað talsvert í ferðamálafræði en fjöldi nemenda í landfræði hefur verið svipaður síðustu ár. Nemendum í meistara- og doktorsnámi hefur fjölgað með tilkomu kjörsviða á sviði náttúruvár og ferðamála norðurslóða.

Gunnar ræddi ýmsa möguleika á tengingu og samstarfi milli Nýheima og Háskóla Íslands. Nú þegar eru talsverðar tengingar í gegnum ýmis verkefni en einnig fjöldi tækifæra til frekara samstarfs. Gunnar fjallaði um einstaka markmið í stefnu Háskóla Íslands sem bera með sér aukna áherslu á samstarf við stofnanir utan skólans. Umræður sköpuðust um ýmis tækifæri til samstarfs og stjórn sammála um mikilvægi þess að efla tengsl Nýheima og Háskóla Íslands.

Drög að rekstraráætlun 2022

Farið var yfir drög að rekstraráætlun sem lágu fyrir fundinum. Einnig fór Hugrún Harpa yfir minnisblað forstöðumanns sem gerir grein fyrir helstu forsendum rekstraráætlunar og rekstrarhorfum næsta árs. Umræður sköpuðust um rekstrarhorfur á komandi ári. Lokadrög rekstraráætlunar verða lögð fyrir stjórn á fundi í janúar ásamt starfsáætlun ársins 2022.

Afmælisár Nýheima

Hugrún Harpa fór yfir hugmyndir að viðburðum í tengslum við afmælisár Nýheima sem hún ásamt Steinunni og Eyjólfri hafa fundað um frá síðasta fundi stjórnar. Stjórn lýst vel á hugmyndirnar, ákveðið var að afla frekari upplýsinga um kostnað við ferð á ráðstefnu í Finnlandi og ræða nánar á stjórnarfundum í janúar.

Önnur mál

Kristín Hermannsdóttir minnti á póst Gísla Magnússonar um að heimildamyndin Milli fjalls of fjöru eftir Ásdísi Thoroddsen væri nú sýnd í Bíó Paradís. Við gerð myndarinnar var farið með nemendum og kennurum í FAS á Skeiðarársand til að skoða birki á sandinum. Kristín lagði til að skoðað væri hvort ekki væri hægt að sýna myndina hér í Nýheimum.

Kristín ræddi einnig umgengni í Nýheimum og nauðsyn þess að húsið sé snyrtilegt bæði fyrir þá er starfa og stunda nám í húsinu en einnig fyrir gesti og gangandi.

Kristín vakti einnig máls á aðgengi íbúa og félagasamtaka að Nýheimum og mikilvægi þess að húsið sé á margvíslegan hátt vettvangur samfélagsins. Kvennakór Hornafjarðar hefur verið að æfa í Sindrabæ en nú þegar fjölgað hefur í kórnum er það rými ekki nægilega stórt. Kórin

hefur óskað eftir því að æfa í Nýheimum og vonast til þess að geta fengið samskonar afnota af Nýheimum og verið hefur í Sindrabæ. Umræður sköpuðust um mikilvægi þess að húsið sé vel nýtt, Hugrún Harpa mun ræða málið við húseigendur.

Fundi slitið klukkan 10:00

Eymín H. Eiríksd
Hugrún Harpa Reynisdóttir